

9. gr.

Refsingar fyrir brot gegn dómstólnum eða starfsmönnum hans.

Ákvæði XII., XV. og XVII. kafla almennra hegningarlaga eiga við um háttsemi sem beinist að dómstólnum eða starfsmönnum hans.

10. gr.

Reglugerðarheimild.

Dómsmálaráðherra er heimilt að setja reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara og um samskipti við dómstólinn.

11. gr.

Gildistaka.

Ákvæði laga þessara taka gildi um leið og Rómarsamþykkt um Alþjóðlega sakamála-dómstólinn öðlast gildi að því er Ísland varðar.

Gjört á Bessastöðum, 19. maí 2001.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Sólveig Pétursdóttir.

LÖG

**um breyting á almennum hegningarlögum,
nr. 19 12. febrúar 1940, með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 6. gr. laganna, sbr. lög nr. 147/1998, bætist nýr töluliður, svohljóðandi:

12. Fyrir háttsemi, sem greinir í samningi um öryggi starfsmanna Sameinuðu þjóðanna og tengdra starfsmanna frá 9. desember 1994.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 19. maí 2001.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Sólveig Pétursdóttir.